



Elma Ósk Hrafnsdóttir

Fædd 4. febrúar 1956

Dáin 2. apríl 2022



Útför frá Dómkirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 21. apríl 2022

Forspil

You Raise Me Up

Rolf Løvland/ Brendan Graham

Bæn

Umvafin Englum

Það má svo sem vera
að vonin ein
hálf veikburða sofni í dá.
Finnst vera eitthvað,
sem íþyngir mér
en svo erfitt í fjarlægð að sjá.

Það gilda má einu
hvort ég áleiðis fer
eða staldra hér ögn við og bíð.
Þótt tómið og treginn
mig teymi út á veginn
ég veit ég hef alla tíð....

Verið umvafin englum
sem að vaka hjá.
Meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.

Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein.
Því ég er umvafin englum
aldrei ein – aldrei ein.

Svo endalaus ótti
við allt sem er
og alls staðar óvini að sjá.
Veðrin svo váland
og víðáttan grimm
ég vil fría mig skelfingu frá.

Í tíma og rúmi
töfraljóðin mín
og tilbrigðin hljóma svo blíð.
Líst ekki að ljúga
mig langar að trúa
að ég hafi alla tíð...

Verið umvafin englum
sem að vaka hjá.
Meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.

Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein.
Því ég er umvafin englum
aldrei ein – aldrei ein.


Sarah McLachlan/Valgeir Skagfjörð

Ritningarlestur

Hvert Örstutt Spor

Hvert örstutt spor var
auðnuspor með þér,
Hvert andartak er tafðir þú
hjá mér,
var sólskinsstund og
sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um
þúsund ár.

Hvað jafnast á við
andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyrr naut
hugur minn,
er orðin hljómlaus utangátta
og tóm,
hjá undrinu að heyra
þennan róm.



Hjá undri því,
að líta lítinn fót,
í litlum skóm og vita að
heimsins grjót,
svo hart og sárt er honum
fjarri enn,
og heimsins ráð sem brugga
vondir menn,

Já vita eitthvað anda hér á
jörð,
er ofar standi minni
þakkargjörð,
í stundareilífið eina
sumarnótt,
ó alheimsljós, ó mynd sem
hverfur skjótt

Halldór Laxness

Guðspjall

Rósin

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn
allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér
það.



Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei
gleymist, aldrei það
er minning þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér
það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei
gleymist, aldrei það
er minning þín.

Fríðrik Jónsson / Guðmundur
Halldórsson



Minningarorð



Íslenska Konan

Hún bar þig heiminn og
hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og
fyrirgaf þér.
Hún ávallt er skjól þitt, þinn
skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan sem
ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemunum sigldi hún
um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún
vakt' er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún
þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem
allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
Hún var ástkonan rjóð
Hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
Inntak hjálpræðisins
Líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri,
hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði
gleðisnauð ár
Hún enn í dag fórna sér
endalaust má.
Hún er íslenska konan sem
gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarvörn.

Ó, hún er ásthrein og tær
hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin
lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla
á fold.
Þú veist hver var skjól þitt
þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan sem
ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin
hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín
hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn
skjöldur og hlíf.
Það er íslenska konan, tákn
trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar
sitt líf.

Ómar Ragnarsson/Billy Joel

Bæn og Faðir Vor

Moldun

Góða Ferð

Þér leiðist hér, ég veit það
kæra vina,
þú vilt á brott að kanna nýjan
stig.
En þig skortir kjark þú hikar
og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa
mig.

Góða ferð, góða ferð,
góða ferð.
Góða ferð, já það er allt
og síðan bros
því ég geymi alltaf vina
það allt er gafstu mér.
Góða ferð, vertu sæl
já góða ferð.

Við áttum saman yndislegar
stundir,
við áttum sól og blóm og
hvítan sand.
Og skjól á köldum vetri er
vindur napurt söng
og von um gullin ský og
fagurt land.

Góða ferð, góða ferð,
góða ferð.
Góða ferð, já það er allt
og síðan bros
því ég geymi alltaf vina
það allt er gafstu mér.
Góða ferð, vertu sæl
já góða ferð.

Þó farir þú í fjarlægð kæra
vina
og fætur þínir stígi ókunn
skref.
En draum er æðstan áttir, þú
áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin
geymt ég hef

Góða ferð, góða ferð,
góða ferð.
Góða ferð, já það er allt
og síðan bros
því ég geymi alltaf vina
það allt er gafstu mér
Góða ferð, vertu sæl
já góða ferð (2x)

Eyjólfur Kristjánsson/José Feliciano

Blessun

Eftirspil

Time to Say Goodbye



Prestur: Elínborg Sturludóttir

Píanóleikur: Guðrún Árný Karlsdóttir

Söngur: Guðrún Árný Karlsdóttir, Selma Ágústsdóttir

Gítarleikur: Heiðar Örn Jónsson

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Aðstandendur vilja þakka auðsýnda samúð og hlýhug.